



# Golfskóli Golfklúbbs Akureyrar 2015

## 18.000 krónur fyrir allt að sjö vikna námskeið í sumar fyrir krakka á aldrinum 6 – 14 ára

Golfskóli GA eru golfnámskeið fyrir krakka á aldrinum 6-14 ára sem vilja læra grunn-tækni golfsins á skemmtilegann hátt. Við hjá Golfklúbbi Akureyrar trúum því að besta leiðin til að kenna krökkum golf sé með skemmtilegum leikjum og leggjum mikið upp úr því að halda í gleðina.

Pátttakendum verður skipt í smærri hópa og hefur hver hópur sinn kennara. Skipt verður í hópa eftir aldri og kunnáttu þannig að allir njóti sín sem best.

### Boðið verður upp á 6 námskeið í sumar.

- ◆ Námskeið 1: 8.–12. júní
- ◆ Námskeið 2: 15.–19. júní (frí 17. júní)
- ◆ Námskeið 3: 22.–26. júní
- ◆ Námskeið 4: 29. júní–3. júlí
- ◆ Námskeið 5: 13.–17. júlí
- ◆ Námskeið 6: 20.– 24. júlí
- ◆ Námskeið 7: 27.–31. júlí

Kennt er frá 09:00 – 12:00 mánudag til föstudags.

Vikunni lýkur svo með þrautum og pizzuveislu og einnig fá krakkarnir viðurkenningarskjöl.

Námskeiðin eru öllum opin. Hægt er að fá lánaðar kylfur á staðnum. Skráning: Sími 462-2974 eða [agust@gagolf.is](mailto:agust@gagolf.is) Pátttökugjald per námskeið er 12.000 krónur, (10.000 krónur fyrir fjögurra daga námskeið). Gengið skal frá greiðslu við skráningu.



Kjósi krakkarnir að fara á fleiri námskeið er gjaldið 6.000 krónur fyrir námskeið tvö. Hvert námskeið umfram tvö er svo ókeypis, svo framfarlega sem ekki er orðið fullt í viðkomandi námskeið. Gjaldið verður því aldrei meira en 18.000, kjósi einhver að fara á fleiri námskeið en tvö. Þeir krakkar sem eru nú þegar félagar í GA greiða 6.000 krónur fyrir námskeiðið. Kjósi krakkarnir að fara á fleiri en tvö námskeið eru þau ókeypis, (þ.e. öll námskeið umfram tvö).

Allir krakkar sem ljúka námskeiðum hjá GA verða skráðir í golfklúbbin og þannig orðnir fullgildir meðlimir í GA og geta þá tekið fullan þátt í æfingum á vegum GA undir handleiðslu golfkennara.

Veittur er systkinaafsláttur, 25 % af gjaldi annars, þriðja og fleiri systkina.

# Golfnámskeið fyrir alla!

## Byrjendanámskeið í golfi

Lengi býr að fyrstu gerð! Lærðu réttu handtökin frá byrjun og þú munt ná góðum árangri á skömmum tíma. Undir handleiðslu PGA golfkennara lærir þú réttu sveifluna, stutta spilið sem og helstu golfreglurnar. Að loknu byrjendanámskeiðinu býðst þér svo að taka sérstaka framhaldstíma og makmiðið er að þú getir byrjað að spila golf á fullu sem fyrst og njótir þess!

Fjöldi í hóp 4-8 manns - 4 skipti, 3 klst. í senn - Verð: 25.000 kr. á mann.

## Frábært byrjendatilboð:

Byrjendanámskeið, byrjendagolfsett og nýliðagjald í GA 2015

á aðeins 89.900 kr. (fullt verð: 130.000 kr.)



### Námskeiðin í sumar:

- ◆ Námskeið 1: 25. maí kl. 13 – 16. / 6. júní kl. 9 – 12. / 7. júní kl. 9 – 12 / 17. júní kl. 9 – 12.
- ◆ Námskeið 2: 27. júní kl. 9-12. / 28. júní kl. 13-16. / 4. júlí kl. 9-12 / 7. júlí kl. 18-21.

## Kvennanámskeið

Á kvennanámskeiðinu er farið sérstaklega yfir þá þætti leiksins sem að geta nýst konum vel. Lengri upphafshögg, öruggari brautarhögg, glompuhögg og þútt eru hluti af því sem farið er í gegnum. Námskeiðið er ætlað konum sem spilað hafa golf um nokkurt skeið og vilja ná betri tökum á sínum leik og lækka forgjöfina!

Fjöldi í hóp 4-8 manns - 1 skipti, 3 klst. - Verð fyrir Kvennanámskeið: 6.000 kr. á mann.

### Námskeiðin í sumar:

- ◆ Námskeið 1: 30. maí kl. 9-12
- ◆ Námskeið 2: 18. júní kl. 17-20
- ◆ Námskeið 3: 4. júlí kl. 13-16

## Stutta spils námskeið:

Það er ekkert sem að hefur eins mikil áhrif á skorið þitt eins og árangur þinn í stutta spilinu. Af hverju æfa þá flestir bara sveifluna daginn út og daginn inn? Ef þú bætir stutta spilið hjá þér munu skorin þín lækka strax. Leikurinn snýst jú um að koma kúlunni í holuna á eins fáum höggum og hægt er og það eru engar myndir á skorkortinu! Kíktu á stuttaspilnámskeið og náðu færni og öryggi í öll högg frá 50 m og inn! Farið verður í þútt, vipp, pitch (stutt innáhögg), lobb og glompuhögg.

Fjöldi í hóp 4-8 manns - 2 skipti, 2,5 klst. í senn - Verð fyrir námskeið: 12.500 kr. á mann.

### Námskeiðin í sumar:

- ◆ Námskeið 1: 6. & 7. júní kl. 13-15:30
- ◆ Námskeið 2: 2. & 3. júlí kl. 17-19:30

## Lengri upphafshögg:

Öll dreymir okkur um löng og falleg upphafshögg sem lenda á miðri brautinni. Þetta þarf ekki að vera bara einhver fjarlægur draumur, þú getur lengt upphafshögginn þin verulega með því að læra réttu tæknina með drivnum.

Áttu í erfiðleikum með slæsið og missir mikla lengd vegna þess? Þá er þetta klárlega rétta námskeiði fyrir þig! Farið er yfir tæknina (sveifluna), líkamann, útbúnaðinn o.fl. sem snýr að lengri og betri upphafshöggum.

Fjöldi í hóp 4-8 manns - 2 skipti, 1 klst. í senn - Verð fyrir námskeið: 4.000 kr. á mann.

### Námskeiðin í sumar:

- ◆ Námskeið 1: 6. & 7. júní kl. 16-17
- ◆ Námskeið 2: 4. & 6. júlí kl. 19-20

Skráning á námskeið (önnur en í Golfskóla barna) á [sturla@gagolf.is](mailto:sturla@gagolf.is) - eða í síma 868-4785.